Íbúð á rishæð í íbúðarhúsi á Munkaþverá í Eyjafirði




Kristín Jónsdóttir frá Munkaþverá

# Íbúð í risi í íbúðarhúsinu á Munkaþverá sem er byggt 1916-1918

Skýringar á meðfylgjandi grunnteikningu af íbúðinni þar sem herbergjaskipan er merkt með tölustöfum og innbú bæði laus og veggföst húsgögn merkt með bókstöfum frá A til Ö.

1 Stigi frá neðri hæðinni sem liggur upp á gang fyrir framan íbúðina uppi.

2 Eldhús með tveimur litlum portbyggðum þakgluggum sem snúa í austur.

A, vaskur hvítur „emaléraður" greyptur í svokallað vaskaborð sem var einskonar „skápur með einni hurð og í honum var ruslafatan geymd og einnig hænsnadallurinn önnur fata með matarleifum sem voru gefnar hænsnunum.

B legubekkur sem var lítill dívan.

C tvö gömul koffort út gamla bænum. Þau voru notuð sem sæti við matarborðið en í þeim voru geymd sokkaplögg.

D eldhúsborðið, ómálað viðarborð. Á því var oftast vaxdúkur með skrautlegu munstri.

E eldhússtólar, sumir baklausir kollar. Einn er mjög lítill og fótnettur aðallega notaður fyrir barn. Hann stendur nú í stofu í Reykjavík.

F búrbekkurinn, jafnbreiður og eldhúsið. Undir honum voru níu skúffur í miðju og skápar í hornunum með hillum jafnbreiðum. Ein hilla í hvorum skáp.

G Veggfastur skápur í hægra horni yfir búrbekknum. Hann náði alveg upp í loft.

3 Langur gangur meðfram eldhúsinu, frá norðri til suðurs. Á veggnum innst til hægri hékk rafmagnstaflan. Ý fataskápur

4 Stofa með stórum suðurglugga.

$M_1$ og $M_2$ legubekkir (dívanar)

N borðstofuborðið.

O stólar í viðarlit, með renndum rimlum; pílárum í baki.

$D_1$ lítið borð sem útvarpstækið stóð á

Q „buffetskápur" útskorinn með stórum spegli, áföstum.

Þ körfustóll úr tágum. Við kölluðum hann oftast stássstólinn.

K dökkrauð lökkuð kommóða, með skrautmálningu í svörtum lit í kringum skráargötin.

● Svartur kolaofn úr smíðajárni.

$C_2$ koffort, nokkuð stórt, rauðmálað

# Íbúð í risi í íbúðarhúsinu á Munkaþverá byggt 1916–1918

**5** Svefnherbergi (hjónaherbergi) með litlum suðurglugga.

S1 lítið rúm fyrir stálpað barn
D2 lítið málað viðarborð.
O þvottagrind
S2 rúm í fullri lengd
S4 rúm (sem hægt var að stækka (hjónarúmið)
T skatthol (rauðmálað ævagamalt)
S3 lítið barnarúm (með rimlum)
⊙ stóll með baki
P lítill rafmagnsofn (sem stundum var fluttur milli herbergja)

**6** Herbergi, svokallað „austurherbergið".

S5 rúm, nokkuð stórt
D3 lítið ómálað viðarborð. Spegill hékk á veggnum til hægri við borðið
⊙ stóll með baki
C3 koffort, lakkað viðarkoffort með djúpu loki. Var eign elsta bróður míns og var oft fært á milli herbergja.
V bókaskápur föður míns. Gamall brúnmálaður hafði verið í eigu afa míns og ef til vill föður hans.
X lítil kommóða með tveimur skúffum og gylltum handföngum.
U Stórt koffort með djúpu loki, málað ljósblágrátt
Æ Fatahengi með nokkrum snögum.
S6 svefnbekkur með háu baki sem hægt var að setja niður og loka bekknum sem þá var hægt að nota sem sæti.

---

**7** Gestaherbergi. Kvisturinn, tilheyrði fjölskyldunni á neðri hæð.

Ö bókaskápur nokkuð stór
Y fataskápur
S3 tvíbreitt rúm
Æ kommóða
O þvottagrind
P skrifborð
Q stóll
M5 legubekkur (dívan, nokkuð breiður)
Ö bókaskápur (ekki stór)
Z stórt og vandað gamalt skatthol

**8** Dimma kompa.

W veggfastir trébekkir. Fyrir ofan þá er röð af fatasnögum.

**9** Piltaherbergið (með rúmum, dívani, borði stólum og fatahengi